

4. ágúst 1988

879

Nr. 383

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni og Berufjarðarál.

1. gr.

Frá og með 6. ágúst 1988 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Austfjörðum á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°31'22 N — 13°20'42 V
2. 64°25'09 N — 13°26'39 V
3. 64°14'09 N — 13°16'40 V
4. 64°02'32 N — 13°13'07 V
5. 64°09'44 N — 12°53'50 V
6. 64°33'35 N — 13°31'22 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 6. ágúst 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku reglugerðar þessarar falla úr gildi reglugerð nr. 298 23. júní 1988, um bann við togveiðum fyrir Austfjörðum og reglugerð nr. 350 15. júlí 1988, um bann við togveiðum á Þapa- og Breiðdalsgrunni.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. ágúst 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.